



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 20. mars 2013

Eftirfylgni vegna athugunar á starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var á heimasíðu þess þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem þörfuðust úrbóta eftir athugun á tilteknum þáttum í starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga.

Í kjölfar athugunarinnar rituðu starfsmenn Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 16. janúar 2012 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 24. apríl 2012 var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli óháðum endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið var að í skýrslunni eigi síðar en 19. júní 2012. Í greinagerð endurskoðanda, sem send var Fjármálaeftirlitinu, kom fram að sjóðurinn stefndi að því að flytja rekstur sinn til Arion banka hf. Af þeim sökum væri ekki hagkvæmt fyrir sjóðinn að ráðast í úrbætur sem sneru t.a.m. að gerð verkferla vegna þeirrar starfsemi sem yrði útvistað. Í kjölfar greinagerðarinnar aflaði Fjármálaeftirlitið gagna hjá Lífeyrissjóði Rangæinga vegna fyrirhugaðra breytinga á rekstri sjóðsins.

Í framangreindri greinagerð endurskoðanda kom fram að úrbætur á ákveðnum þáttum í starfsemi sjóðsins yrðu ekki gerðar fyrr en reksturinn færðist til Arion banka. Frá 1. janúar sl. hefur daglegur rekstur sjóðsins verið í höndum Arion banka.

Í kjölfar rekstrar- og eignarstýringarsamnings sjóðsins við Arion banka hf. óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því að endurskoðunardeild bankans færi heildstætt yfir þær úrbætur sem gerðar hefðu verið á rekstri sjóðsins vegna athugasemda og ábendinga í skýrslu Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 21. febrúar 2013.

Niðurstaða þeirrar skoðunar var sú að töluverðum árangri hefði verið náð varðandi þau atriði sem Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við. Úrbætur sjóðsins eru á lokastigi og fær Fjármálaeftirlitið reglulega upplýsingar um gang mála.

[Fyrri tilkynning Fjármálaeftirlitsins þann 19. júní 2012: Niðurstaða athugunar á starfsemi Lífeyrissjóðs Rangæinga](#)